

# Niðurstöður fagráðs um starfspróun kennara

Fundur samstarfsráðs um starfspróun kennara og skólastjórnenda

Fimmtudag 29. september 2016

# Efnisyfirlit

1. Fagráð um starfsþróun kennara.
2. Nefndarstarfið.
3. Leiðarljósinn.
4. Fimm grunnþættir:
  - a) Menntun sem forgangsverkefni.
  - b) Kennaramenntun sem starfsævilöng menntun.
  - c) Aðgengilegt og skilvirkt stuðkerfi fyrir starfsþróun.
  - d) Fjármál.
  - e) Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

# Fagráð um starfsþróun kennara

- Fagráðið stofnað með skipunarbréfi menntamálaráðherra 27. febrúar 2013, til þriggja ára.
- Samstarfsvettvangur ráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands, Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands.
- Byggir á samstarfssamningi þessara aðila frá 2011 og skýrslu samstarfsnefndar um símenntun kennara frá 2012.

# Nefndarstarfið

- Fagráð - Stýrihópur – Starfsmaður – Vinnuhópar á vegum fagráðs.
- Niðurstöður byggjast á skýrslum og tillögum vinnuhópa, annarri upplýsingasöfnun og samstarfi við ýmsa sérfræðinga og aðila.
- Dæmi um mál sem vinnuhópar störfuðu að: Ráðstefna um kennara framtíðar, fjármál og sjóðir, ævilöng kennaramenntun og stoðkerfi, TALIS 2013 (þarfir fyrir starfsþróun).
- Árlegar stöðuskýrslur og fundir með ráðherra.
- Opnir fundir, málþing og ráðstefnur.
- Upplýsingaveita um starfsþróun <http://kennarar.menntagatt.is/>
- Vefur fagráðs <http://starfsthrounkennara.is/>

# Leiðarljósin - 1

- Skóli fyrir alla, þroski og færni, gæðamenntun í samræmi við þarfir nútímasamfélags.
- Kennarar kjölfestan í menntakerfinu, leiðandi í breytingum og skólaþróun.
- Menntun sameiginlegt forgangs- og samstarfsverkefni stjórnvalda og þeirra sem koma að menntakerfinu, m.a. fagráðs/samstarfsráðs um starfsþróun.
- Stöðug, fjölbreytt starfsþróun, góðar aðstæður og tækifæri, grundvöllur farsællar skólaþróunar - greina hraðar samfélagsbreytingar, takast á við nýjar aðstæður, aðlaga að starfi og starfsháttum.
- Heildstæð stefna til lengri tíma í starfsþróunarmálum, markmiðssetning, áætlanagerð, styrkja fjárhagslegar stoðir.
- Skilgreining á starfsþróun, grundvöllur sameiginlegs skilnings, stefnuyfirlýsing um starf og áherslur.

# Leiðarljósín - 2

## Skilgreining á starfsþróun

- Samfelld meðvitað og mótað ferli sem leiðir til umbóta og jákvæðrar þróunar.
- Beintengd daglegu starfi með nemendum og skipulögð í kringum raunveruleg viðfangsefni starfsins.
- Skýr tilgangur og markmið, efla færni og þekkingu og auka gæði í starfi.
- Á sér stað í faglegu lærdómssamfélagi, augljós og samofinn hluti daglegs starfs, einkennist af samfélagi í þróun.
- Felur m.a. í sér formlegt nám, innleiðingu í starf, námskeið, rannsóknir á eigin starfi, þátttöku í þróunarverkefnum, ráðgjöf, ráðstefnur, fræðilestur, skólaheimsóknir.
- Stuðlar að aukinni starfsánægju, árangri í starfi, minnkar líkur á kulnun, brotthvarfi úr starfi.

# Grunnþáttur - 1

## Menntun sem forgangsverkefni

### Megintillögur:

- Lögð verði áhersla á menntun sem sameiginlegt forgangsverkefni stjórnvalda og þeirra aðila sem koma að menntakerfinu og samstarf þeirra um það.
- Lögð verði áhersla á lykilhlutverk kennara í menntakerfinu.

# Grunnþáttur - 2

## Kennaramenntun sem starfsævilöng menntun

### Meginþættir:

- Rannsóknartengd grunnmenntun verðandi kennara til meistaraþrófs.
- Veigamiknið nám verðandi kennara á vettvangi.
- Markviss leiðsögn og handleiðsla við nýliða í starfi og við aðra kennara.
- Fjölpætt nám og starfsþróun, ígrundun og starfendarannsóknir og margvísleg starfsemi sem leggur grunn að öfluggu lærdómssamfélagi alla starfsævina.



# Grunnþáttur - 2

## Kennaramenntun sem starfsævilöng menntun

### Megintillögur:

- Kennaramenntun verði skilgreind og skipulögð sem heildstæð starfsævilöng menntun og starfsþróun skipi skýran sess sem mikilvægur hluti kennarastarfsins og skólastarfsins.
- Gera þarf breytingar á fyrirkomulagi starfsþróunar og menntunar kennara í samræmi við skilgreiningu á kennaramenntun sem heildstæðri og starfsævilangri.

# Grunnpáttur - 3

## Aðgengilegt og skilvirkt stoðkerfi fyrir starfsþróun

### Markmið stoðkerfis:

- Skapa góðar aðstæður og möguleika til fjölbreyttrar menntunar og starfsþróunar kennara alla starfsævina. Hér er vísað til skipulags, tíma, fræðslu og faglegs stuðnings við hæfi og starfshætti sem setja starfsþróun og skólaþróun í brennidepil.
- Skapa góðar aðstæður og möguleika fyrir skóla að hafa með höndum vettvangsnám kennaranema, leiðsögn við nýliða og aðra starfandi kennara og að bjóða upp á starfsþróun á vinnustað.
- Styðja við fjölbreytta aðkomu háskóla að starfsþróun kennara og stuðla að nánnum tengslum háskóla og starfsvettvangs.
- Veita yfirsýn yfir og miðla upplýsingum um fræðslu og stuðning við starfsþróun sem er í boði, svo sem á upplýsingaveitu.
- Mynda ramma um starfsþróun og fylgja henni eftir.

# Grunnpáttur - 3

## Aðgengilegt og skilvirkt stoðkerfi fyrir starfsþróun

### Megintillögur:

- Viðurkenna þarf nauðsyn stoðkerfis til að styðja við heildræna sýn á starfsævilanga kennaramenntun.
- Skilgreina þarf stoðkerfi fyrir kennara, skóla og háskóla sem mennta kennara.
- Stoðkerfið þarf að taka tillit til mismunandi þarfa og aðstæðna, vera aðgengilegt og stuðla að því að starfsþróun skipi skýran sess sem mikilvægur hluti kennarastarfsins og skólastarfsins.

# Grunnþáttur - 4

## Fjármál

### Tillögur:

- Styðja þarf við að framtíðarstefna um starfsþróun kennarastéttarinnar nái fram að ganga, útfæra einstök atriði og fylgja þeim eftir með skýru umboði og stuðningi frá ríki og sveitarfélögum til ákvarðana og framkvæmda.
- Skilgreint verði eins nákvæmlega og unnt er hvaða fjármagn og tími til starfsþróunar er til staðar í kerfinu.
- Metið verði hvernig núverandi fjármagn og tími nýtist í ljósi markmiða sem fram koma í tillögum fagráðs.
- Settar verði fram tillögur um nýtingu fjármagns og tíma til að markmiðum tillagna fagráðs verði náð. Það feli í sér kostnaðarmat og forgangsröðun.
- Sett verði fram aðgerðaráætlun.

# Grunnþáttur - 5

## Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda

- Samstarfsráðið er mikilvægur þáttur framtíðarsýnar um starfsþróun kennara og hluti af fjölpættu stoðkerfi við heildstæða starfsævilanga menntun og starfsþróun.

### Hlutverk:

- Vera vettvangur fyrir samstarf og samráð aðila um starfsþróun kennara, skólastjórnenda og annarra fagstétta leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla.
- Kynna skýrslu fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara fyrir skólasamfélaginu sem afhent var menntamálaráðherra 10. mars 2016.
- Setja fram tillögur að útfærslu á fram komnum niðurstöðum fagráðsins og kynna þær fyrir aðilum samstarfsráðsins og menntamálaráðherra.
- Greina þarfir kennara og skólastjórnenda fyrir starfsþróun og gæta að gæðum starfsþróunar.
- Hafa yfirsýn yfir þróun og stefnumótun í starfsþróun, afla upplýsinga um hana, leiða umræðu og miðla til skólasamfélagsins.
- Vera menntayfirvöldum og öðrum aðilum til ráðgjafar um málefni er varða starfsþróun.

# Grunnþáttur - 5

## Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda

### Tillögur:

- Ráðherra festi formlegan samstarfsvettvang um starfsþróun kennara í sessi og skipi samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda og tryggi þar með að áfram verði haldið starfi fagráðsins og samráði um stefnumótun til framtíðar.
- Ráðherra fái tilnefningar í ráðið frá menntamálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambandi Íslands, Skólameistarafélagi Íslands, Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Listaháskóla Íslands.
- Tryggður verði stuðningur ráðuneytisins við starfsemi samstarfsráðsins sem felist í stöðu starfsmanns í fullu starfi.